



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

751. fundur

Árið 2019, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 18. desember, kl. 8:00 á skrifstofu S.S.S., Skógarbraut 945, Reykjanesbæ.

Mætt eru: Einar Jón Pálsson, Kolbrún Jóna Pétursdóttir, Hjálmar Hallgrímsson, Ingþór Guðmundsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einar Jón Pálsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Umsögn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum dags. 29.11.2019 um tillögu til þingsályktunar um stefnumótun náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum. Stjórn S.S.S. staðfestir umsögnina sem send og samþykkt var með tölvupósti þann 29.nóvember 2019.
2. Tölvupóstur dags. 9. desember 2019 frá nefndarsviði Alþingis vegna þingsályktunartillögu um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024, 434 mál og samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034, 435 mál.
<https://www.althingi.is/altext/150/s/0598.html> og
<https://www.althingi.is/altext/150/s/0599.html>

Í ágúst árið 2013 fóru rúmlega 12 þúsund ökutæki um Reykjanesbraut á sólarhring samanborið við tæplega 20 þúsund í ágústmánuði 2019. Stöðug aukning var á umferð um Reykjanesbraut út árið 2018 en á árinu 2019 hefur hún dregist lítillega saman, sem skýrist að mest af fækkun farþega um Keflavíkurflugvöll sem að öllum líkindum er tímabundin.

Frumvarpi að nýrri samgönguáætlun 2020-2034 gerir ekki ráð fyrir markverðum framkvæmdum fyrr en á árunum 2025-2029 þegar farið verður í tvöföldun frá Fitjum að Rósaselstorgi og breikkun aðskilnað aksturstefna við Krísuvíkurveg - Hvassahraun.

Stjórn S.S.S. hvetur stjórnvöld til að flýta tvöföldun Reykjanesbrautar og huga að öryggi vegtenginga að nærliggjandi bæjarfélögum.

H. H.

1 BK
KJP EJP



**SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM**

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

11. Fundargerð Úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja nr. 16, dags. 13. nóvember 2019.

Lagt fram.

12. Fundargerð Úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja nr. 17, dags. 18. nóvember 2019. Fylgirit: Upplýsingar um styrkhafa.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja úthlutaði styrkjum að upphæð kr. 45.000.000,- til 39 verkefna. Alls bárust 65 umsóknir að þessu sinni og hljóðuðu þær að upphæð rúmlega 167.000.000,-

Menningar og lista verkefni fengu úthlutað kr. 28.000.000,- en atvinnu- og nýsköpunarverkefni fengu úthlutað kr. 17.000.000,-

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum óskar styrkhöfum til hamingju með styrkina.

13. Skýrsla um flugvöll í Hvassahrauni.

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=02cff95b-1200-11ea-9453-005056bc4d74>

Lagt fram.

14. Húsnæðismál S.S.S.

Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram til næsta fundar.

15. Heimsókn frá stýrihóp stjórnarráðsins vegna Sóknaráætlunar Suðurnesja.


Stýrihópur stjórnarráðsins heimsótti stjórn S.S.S. að þessu sinni. Umræðuefnið var Sóknaráætlun Suðurnesja en farið var yfir hvernig til hafði tekist á tímabilinu sem er að renna sitt skeið sem og framtíð nýrrar Sóknaráætlunar 2020-2024.

Stjórn S.S.S. lýsti yfir mikilli ánægju með verkefnið og samstarfið við stýrihópinn.

16. Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:40.


Einar Jón Pálsson


Kolbrún Jóna Pétursdóttir


Hjálmar Hallgrímsson


Ingþór Guðmundsson


Berglind Kristinsdóttir